# 521. fundur Hreppsnefndar TálknafjarðarhreppsHreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 10. apríl 2018 og hófst hann kl. 17:00.

**Fundinn sátu:**
Indriði Indriðason (II), formaður, Kristinn Hilmar Marinósson (KHM), aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ), aðalmaður, Jón Örn Pálsson (JÖP), aðalmaður og Ásgeir Jónsson (ÁJ), Aðalmaður.

**Fundargerð ritaði:** Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ) Jón Örn Pálsson (JÖP) Ásgeir Jónsson (ÁJ)
**Dagskrá:**

## 1. Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 32 - 1801002F

Tekin er til afgreiðslu fundargerð Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar frá ...

*Tekin er til afgreiðslu fundargerð Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar frá 18.mars s.l.Fundargerðin er í 8 líðum*

### 1.1 1801048 - Umsögn: lögheimilislög

Til kynningar.

### 1.2 1802022 - Umsókn: breyta úr íbúðarhúsi í gistingu

Til kynningar.

### 1.3 1803006 - Umsögn: Fw: Óskað er eftir umsögn og undanþágu vegna fjarlægðar frá sjó vegna deiliskipulags

Erindinu er vísað til hafnarnefndar.

### 1.4 1604059 - Deiliskipulag Flóðvarnargarður og íbúðarbyggð ofan Strandgötu.

Sveitarstsjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða.

### 1.5 1712033 - Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps. Breyting á aðalskipulagi við Dunhaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar.
Samþykkt með fjórum atkvæðum, einn er á móti (ÁJ).

### 1.6 1706011 - Aðalskipulagsbreyting : Deiliskipulag

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Bygginggar-skipulag og umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða.

**1.7 1608036 - Bæjarvík : Umsókn um byggingarleyfi**

Til kynningar.

**1.8 1801031 - Fasteignir: Skráning**

Til kynningar.

**2. Samningur: Viðauki við samning - 1804008**

Sveitarstjórn samþykkir viðauka við gildandi samning milli ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum um rekstur Náttúrustofu.
Sveitarstjórn leggur áherslu á að starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða verði tryggð til framtíðar.
Samþykkt samhljóða.

*Sveitarstjórn samþykkir viðauka við gildandi samning milli ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum um rekstur Náttúrustofu.*
*Sveitarstjórn leggur áherslu á að starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða verði tryggð til framtíðar.*
*Samþykkt samhljóða.*

**3. Styrkur: vegna leiksýningar - 1803026**

*Sveitarstjórn samþykkir að veita Leikfélagi Hólmavíkur afnot af íþróttahúsi til leiksýningar. Sveitarstjóra falið að ræða við málsaðila í samræmi við umræður á fundinum.*

**4. Styrkbeiðni: vegna Verðlaunahátíðar barnanna - 1803022**

*Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.*
*Samþykkt samþykkt samhljóða.*

**5. Til umsagnar: 169. mál frá nefndasviði Alþingis - 1803017**

*Sveitarstjórn fagnar allri uppbyggingu á vegakerfi landsins, sem er nánast komið að fótum fram.*
*Samþykkt samhljóða.*

**6. Fjármál Tálknafjarðarhrepps: ósk um svör - 1803020**

*Tekið er fyrir erindi frá Eftirlitsnefnd sveitarfélaga 19 mars 2018.*
*Sveitarstjóra og Oddvita falið að vinna drög að svarbréfi og leggja fram á næsta fundi.*

*Samþykkt*

**10. Upplýsingagjöf sveitarstjóra fundur 521 - 1804009**

*Vinna við ársreikning er að ljúka en nýlega hefur launabókhald fyrir hreppinn verið*

*tekinn yfir en áður var samningur við Vesturbyggð varðandi þá vinnu. Sveitarstjóri hefur verið að skoða starfsemi slökkviliðsins og þá fyrirkomulag á starfi slökkvistjóra. Samningur um leigu á nuverandi húsnæði slökkviliðs er nú tímabundinn og er því verið að skoða húsnæðismál slökkviliðsins til að koma þeim í framtíðarhorf. Breytingar hafa verið varðandi starf í áhaldahússins en starfinu var skipt upp frá fyrra horfi þar sem hafnarvörður og starfsmaður áhaldahússins sinnti báðum stöðum. Kaldavatnsinntak inn í þorpi; vatnsbólið hefur verið aflagt og því ekki ástæða fyrir því að fara í framkvæmdir. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða er væntanlegt til að kanna gæði vatns úr vatnsbólinu.*

*Fyrirspurn frá Ásgeiri Jónssyni, ´Þar sem hann óskar eftir að Ársreikningar Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður 2014, 2015 og 2016 verði lagðir fyrir sveitarastjórn á næsta fundi sveitarstjórnar ásamt byggingarkostnaði sundurliðuðum eftir byggingarstigum á nýbyggingum í Bugatúni.*

**7. Fjármál: Breytingar - 1804005**

*Sveitarstjóra falið að svara erindinu.*
*Samþyktt samhljóða.*

**8. Orlof húsmæðra 2018: framlag sveitafélaga - 1803023**

*Sveitarstjórn samþykkir að greiða lágmarksgjald í Orlofssjóð húsmæðra.*
*Samþykkt samhljóða.*

**9. Aldursdreifing: í sveitarfélögum - 1804006**

*Til Kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.**

Indriði Indriðason (II)

Kristinn Hilmar Marinósson (KHM)